

Samþykkt um lífeyrismál

Fimmta þing Kennarasambands Íslands haldið í Reykjavík dagana 6. til 8. apríl 2011 leggur áherslu á að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna byggja í senn á kjarasamningum og lögum. Núverandi lífeyriskjör opinberra starfsmanna byggja á samkomulagi KÍ, BSRB og BHM við fjármálaráðherra frá árinu 1996 og lögum nr. 1 frá 1997 sem sett voru í framhaldi af því samkomulagi. Þingið hafnar öllum hugmyndum um að kjör núverandi sjóðsfélaga í A og B deild LSR og sjóðsfélaga í sambærilegum deildum sjóða sveitarfélaganna verði skert.

Fimmta þing KÍ leggur áherslu á að þau réttindi sem opinberum starfsmönnum eru tryggð með áður nefndum samningum og lögum séu þess eðlis að þau verða ekki tekin til baka bótalaust. Þingið harmar stöðugar árásir Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands á réttindi opinberra starfsmanna og hvetur forsvarsmenn samtakanna til að láta af þeim. Það er ólíðandi að forsvarsmenn Alþýðusambands Íslands skuli stilla sér upp við hlið atvinnurekenda og krefjast þess að gengið sé á réttindi og fjármuni launafólks með eignaupptöku á sjóðum þess.

Kennarasamband Íslands, BHM og BSRB hafa tekið þátt í vinnu með öðrum aðilum á vinnu-markaði þar sem viðfangsefnið hefur verið að kanna hvort sátt geti náðst um að setja á stofn eitt lífeyriskerfi sem gilt gæti fyrir alla landsmenn í framtíðinni.

Í þessu sambandi hefur einkum verið skoðað hvort samkomulag geti náðst um lífeyriskerfi sem byggði á aldurstengdri réttindaávinnslu, lífeyristökualdri sem miðaði við 67 ár og jafnframt að kerfið verði án launagreiðendaábyrgðar.

Fulltrúar opinberra starfsmanna hafa tekið þátt í þessari vinnu með því skilyrði að þetta væri framtíðarkerfi og að réttindi núverandi sjóðsfélaga verði ekki skert.

Komi til þess að sátt náist um nýtt kerfi sem byggir á þessum forsendum er nauðsynlegt að mat verði lagt á heildarlaunakjör starfsmanna milli markaða og þau jöfnuð samtímis breytingunni.